



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL NÝKJÖRINS FORSETA BANDARÍKJANNA OG NÝKJÖRINS VARAFORSETA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur í dag, sunnudaginn 8. nóvember, sent Joe Biden, nýkjörnum forseta Bandaríkjanna, og Kamala Harris, nýkjörnum varaforseta landsins, heillaóskir frá sér og íslensku þjóðinni í kjölfar sigurs þeirra í forsetakosningunum vestra.

Forseti áréttaði í kveðjum sínum rótgróna samvinnu og vináttu þjóðanna tveggja og langa sameiginlega sögu. Enda þótt Bandaríkin væru eitt stærsta lýðræðisríki veraldar en Ísland eitt hið minnsta deildu þjóðirnar mörgum mikilvægum gildum; frelsi til hugsana og tjáningar, jöfnum rétti allra borgara, jafnrétti kynjanna, umburðarlyndi og fjölbreytni í samfélaginu.

8. nóvember 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).